



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 4. febrúar 2025
25012440/102.00 PþM

Efni: Umsögn til bæjarráðs

Undirrituðum var falið að svara eftirfarandi fyrirspurn bæjarstjóra er fram kom á 3202. fundi bæjarráðs:

"Undirrituð óskar eftir að teknar verði saman upplýsingar um styrki sveitarfélagsins til stjórnmalasamtaka og hvort styrkþegar uppfylli skilyrði til laganna. Samantektin taki til yfirstandandi kjörtímabils."

Ásdís Kristjánsdóttir.

Með lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka, nr. 162/2006, er m.a. kveðið á um opinber framlög til stjórnmalasamtaka með það að markmiði að tryggja gagnsæi í fjármálum þeirra. Í skilningi laganna eru stjórnmalasamtök m.a. þeir flokkar og samtök sem bjóða fram í kosningum til sveitarstjórna.

Í I. kafla C er kveðið á um skráningu stjórnmalasamtaka en þar segir í 2. gr. e. að ríkisskattstjóri skrái stjórnmalasamtök og skrá þess efnis skuli birt almenningi á vef ríkisskattstjóra. Nánar er kveðið á um skilyrði til skráningar í I. kafla C.

Í II. kafla laganna er kveðið á um framlög til ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi. Í 1. mgr. 5. gr. segir að sveitarfélögum sé skylt að veita stjórnmalasamtökum sem hafa fengið a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg framlög til starfsemi sinnar. Fjárhæð er úthlutað í samræmi við atkvæðamagn.

Í 5. gr. a. er kveðið á um skilyrði til úthlutunar fjár úr sveitarsjóði en þau eru að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C, hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda um reikningsskil stjórnmalasamtaka og upplýsingaskyldu um reikninga stjórnmalasamtaka og að endingu að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra.



Þau stjórnmalasamtök sem náðu meira en 5% atkvæðamagns í sveitarstjórnarkosningunum 2022 og eru á lista ríkisskattstjóra yfir skráð stjórnmalasamtök eru eftirfarandi:

Listi ríkisskattstjóra yfir skráð stjórnmalasamtök og eiga fulltrúa í bæjarstjórn Kópavogs.

Stjórnmalasamtök

Framsóknarflokkurinn

Píratar

Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur Íslands

Sjálfstæðisflokkurinn

Viðreisn - stjórnmalasamtök

Vinstrihreyfingin-Grænt framboð

Heimilisfang

Bæjarlind 14-16, 201 Kópavogur

Pósthólf: 8111, 128 Reykjavík

Hallveigarstíg 1, 105 Reykjavík

Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík

Túngötu 14, 101 Reykjavík

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru Vinir Kópavogs skráðir sem félagasamtök og eru því ekki á ofangreindum lista.

Í samræmi við 5. gr. a. fyrrgreinda laga birtir ríkisendurskoðun lista yfir þau stjórnmalasamtök sem hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína um reikningsskil og birtir ríkisendurskoðun ársreikning þeirra. Eftirfarandi er listi ríkisendurskoðunar yfir þau stjórnmalasamtök sem hafa staðið skil á framangreindum upplýsingum:

Skilalisti Ríkisendurskoðanda

<i>Ár</i>	<i>Stjórnmalasamtök</i>	<i>Tegund</i>	<i>Skiladags.</i>	<i>Skýring</i>
2023	Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur	Stjórnmalasamtök	19.12.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Framsóknarflokkurinn	Stjórnmalasamtök	11.12.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Píratar	Stjórnmalasamtök	26.11.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Viðreisn - stjórnmalasamtök	Stjórnmalasamtök	7.11.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Sjálfstæðisflokkurinn	Stjórnmalasamtök	31.10.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	Stjórnmalasamtök	28.10.2024	Skil samþykkt (pdf)
2023	Vinir Kópavogs	Stjórnmalasamtök	14.10.2024	Ófullnægjandi skil
2022	Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur	Stjórnmalasamtök	18.1.2024	Skil samþykkt (pdf)
2022	Framsóknarflokkurinn	Stjórnmalasamtök	8.12.2023	Skil samþykkt (pdf)
2022	Píratar	Stjórnmalasamtök	15.2.2024	Skil samþykkt (pdf)
2022	Viðreisn - stjórnmalasamtök	Stjórnmalasamtök	29.11.2023	Skil samþykkt (pdf)
2022	Sjálfstæðisflokkurinn	Stjórnmalasamtök	11.12.2023	Skil samþykkt (pdf)
2022	Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	Stjórnmalasamtök	4.1.2024	Skil samþykkt (pdf)
2022	Vinir Kópavogs	Stjórnmalasamtök		Engin skil



Styrkir til stjórnálagasamtaka úr bæjarsjóði eru greidd út í tvennu lagi í upphafi og lok kjörtímabils, a.v. í upphafi árs og h.v. á miðju ári. Á öðru og þriðja ári kjörtímabils eru styrkir greiddir út í einu lagi á miðju ári. Heildarfjárhæð styrkja til stjórnálagaflokka í fjárhagsáætlun Kópavogs sem dreifist eftir atkvæðamagni er fyrir árið 2022 kr. 5,9 m.kr., fyrir árið 2023 kr. 5,9 m.kr., fyrir árið 2024 kr. 6,4 m.kr. og fyrir árið 2025 kr. 6,7 m.kr. Frá upphafi kjörtímabils hafa eftirfarandi fengið styrki úr bæjarsjóði í samræmi við niðurstöðu kosninga 2022:

<i>Kjörtímabilið 2022-2026</i>	<i>Úrslit</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>2022</i>	<i>2023</i>	<i>2024</i>	<i>2025</i>
Framsýn Framsókn í Kópavogi	15,2%	2.375.436	459.110	918.220	998.106	Ógreitt
Fulltrúaráð Sjálfstæðisf. Kópav.	33,3%	5.222.334	1.009.342	2.018.683	2.194.309	Ógreitt
Píratar í Kópavogi	9,5%	1.490.732	288.120	576.240	626.372	Ógreitt
Samfylkingin í Kópavogi	8,2%	1.281.724	247.724	495.448	538.552	Ógreitt
Viðreisn í Kópavogi	10,7%	1.672.063	323.166	646.333	702.564	Ógreitt
Vinir Kópavogs	15,3%	2.394.524	462.799	925.599	1.006.126	Ógreitt
Vinstrihreyfingin gr. framboð	5,3%	826.488	159.739	319.477	347.272	Ógreitt
Miðflokkurinn og óháðir	2,6%	0	0	0	0	-

Það upplýsist hér með.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Bæjarritari

